



Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. október 2014

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku (jöfnunargjald),  
107. mál.**

Í frumvarpinu er lagt til að lagður verði skattur á dreifingu raforku til að standa undir jöfnun kostnaðar við raforkudreifingu milli þéttbýlis og dreifibýlis. Skatturinn kæmi í stað beinna framlaga á fjárlögum sem nú renna til jöfnunar á kostaði raforku til almennra notenda.

Samtök iðnaðarins styðja ekki að frumvarpið verði að lögum. Þau telja skattlagningu af þessu tagi ekki góða leið en telja að bein framlög á fjárlögum frá ári til árs sé betri aðferð til að ná fram markmiði laganna. Hætta er á að með tímanum verði munur á innheimtum skatti og kostnaði við jöfnun. Engin tenging er á milli þessara tveggja þátta og er upphæð skattlagningar ákveðin í frumvarpinu þannig að tölurnar passi nokkurn vegin saman árið 2013. Ekki er ljóst hvernig bregðast eigi við ef innheimtur skattur verður hærri en jöfnunargreiðslur, né heldur ef hallinn er á hinn veginn. Einnig er hætta er á að skatttekjurnar verði nýttar í annað og skili sér ekki í verkefnið sem þeim er ætlað. Samtökin telja hreinna og beinna að jöfnun sé pólitísk ákvörðun á hverjum tíma og upphæðin ákveðin í samræmi við þörfina á hverjum tíma.

Í skýrslunni Raforkuspá 2013-2050<sup>1</sup> má finna upplýsingar um notkun sem afhent er frá dreifikerfinu greind niður á flokka, forgangs- og skerðanleg orka. Þar má sjá að atvinnurekstur notar um 75% af orku sem afhent er frá dreifikerfi. Frumvarpið gerir ráð fyrir að lægri skattur verði lagður á skerðanlega orku. Að teknu tilliti til þess má áætla að skatturinn á atvinnurekstur verði um 650 m.kr. árlega, þegar hann verður komin að fullu til framkvæmda.

Það vekur furðu samtakanna að í greinargerð með frumvarpinu er ekki fjallað um áhrif skattlagningarinnar á atvinnurekstur, þrátt fyrir ábendingar samtakanna þegar málið var lagt fram á síðasta þingi. Samtökin vekja athygli á að skatturinn mun hafa áhrif á fjölda fyrirtækja, stór og smá. Raforkukostnaður vegur þungt í rekstri fjölmargra fyrirtækja og má þar nefna matvælaframleiðslu, prentiðnað, plastiðnað, hugbúnaðarfyrirtæki og iðnframleiðslu. Hækkun á raforkureikning um 2 – 4% er mikill kostnaður fyrir atvinnurekstur, þó upphæðin sé lág þegar hún er reiknuð út fyrir einstakt

---

<sup>1</sup> Raforkuspá 2013-2050; Endurreikningur á spá frá 2010 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum. 2013. Orkusparnefnd, Orkustofnun, OS-2013/02. Tafla 7, bls 24.

heimili, eins og gert er í greinargerðinni. Raforkuverð hefur farið hækkandi á undanförunum árum. Enn er það svo að tiltölulega hagstætt orkuverð er einn af fáum þáttum sem telja má til samkeppnisforkosts íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum keppninautum. Mikilvægt er að verja þetta forskot.

Í greinargerð frumvarpsins er sagt að skatturinn muni hafa lítil áhrif á vísitölu neysluverðs. Umsagnaraðilar benda á að skatturinn hefur fyrst og fremst áhrif á kostnað fyrirtækja. Það hefur ekki jafn afgerandi áhrif á vísitölu neysluverð eins og ef skatturinn er lagður beint á neytendur. Áhrif á vísitöluna geta því verið vanmetin því þau koma fram óbeint í formi kostnaðarhækkana hjá fyrirtækjum.



Bryndís Skúladóttir,  
forstöðumaður umhverfismála



Bjarni Már Gylfason,  
hagfræðingur